

10. gr.

Nú rís ágreiningur milli landeiganda og hreppsnefndar um skilning á samþykkt þessari eða framkvæmd hreppsnefndar á henni, og sker þá ráðherra úr.

Viðauki þessi, sem saminn er og samþykktur af hreppsnefnd Skorradalshrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1905, sbr. lög nr. 84/1943, til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 25. nóvember 1971.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

29. nóvember 1971.

Nr. 239.

AUGLÝSING**um staðfestingu á aðalskipulagi Selfoss.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 26. nóvember 1971 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Selfoss, sem gildir fyrir Selfosshrepp.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Selfosshrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 29. nóvember 1971.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

29. nóvember 1971.

Nr. 240.

SAMÞYKKT**fyrir Vatnsveitufélagið Skálavatsnveitu.**

1. gr.

Félagið heitir Skálaveitan. Heimili þess og varnarþing er í Öngulsstaðahreppi, Eyjafjarðarsýslu.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að sjá býlum félagsmanna fyrir vatni til heimilis og í gripahús, er tilheyra búrekstri jarðanna.

3. gr.

Stofnendur félagsins eru ábúendur jarðanna Öngulsstaðir I, Öngulsstaðir III, Staðarhóll, Garður og Höskuldsstaðir. Hver stofnandi greiði 1000.00 kr. sem stofngjald og telst hann þá þegar fullgildur stofnandi og er félagið skylt að láta honum í té ½ hl. af því vatni, er það hefur til umráða í dreifistöð.

4. gr.

Ábúendur fleiri býla má taka í félagið með samþykki lögmæts aðalfundar. Nýr félagsmaður greiði sama stofngjald og eldri félagar og öll önnur gjöld sem á félaginu hvíla til jafns við aðra félagsmenn.

5. gr.

Stofnkostnaður á aðalæð og sameiginlegum mannvirkjum félagsins greiðist í hlutföllunum $\frac{1}{5}$ hl. á býli. Skal hann greiddur með stofngjöldum og öðrum framlögum félagsmanna svo og væntanlegum styrk. Í sömu hlutföllum greiðist viðhald og viðbætur á aðalæð og brunnum.

Gjöld þessi má taka lögtaki ásamt áföllnum innheimtukostnaði, ef ekki er staðið í skilum. Eignir félagsins standa til fullnægingar skuldbindingum þess. Enginn félagsmaður ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram gjöld þau, sem honum er gert að greiða til félagsins samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar.

6. gr.

Félagsstjórn er skylt að boða til félagsfundar, ef félagsmaður krefst þess, enda greini hann tilefni kröfunnar.

7. gr.

Félagsfundur er lögmætur, ef helmingur félagsmanna sækir hann, enda hafi löglega verið til hans boðað. Fundur er löglega boðaður, ef hverjum félagsmanni er tilkynnt fundarboð bréflaga eða persónulega. Á félagsfundum ræður einfaldur meiri hluti.

8. gr.

Aðalfund félagsins skal halda eigi síðar en 1. apríl ár hvert og telst hann lögmætur, ef $\frac{3}{5}$ hl. félagsmanna sækir hann. Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram endurskoðaðir reikningar þess og kosnir þrír í stjórn og tveir endurskoðendur til eins árs í senn.

9. gr.

Stjórn félagsins skipti með sér verkum. Færa skal gerðabók stjórnar- og félagsfunda. Fundargerðir lesnar upp í lok hvers fundar og undirritaðar að lokinni samþykkt.

10. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald og innheimtu á gjöldum félagsins. Hún sér og um viðhald og viðgerðir á aðalleiðslu og brunnum.

Lagningu og viðhald heimæða, svo og umbúnað í húsum annast hver félagsmaður hjá sér.

11. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta nema á aðalfundi enda hafi breytinga verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti $\frac{3}{5}$ hl. samþykkir þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af Vatnsveitufélaginu Skálavatsveita, Öngulsstaðahreppi, Eyjafjarðarsýslu, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 29. nóvember 1971.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.